

## 1. Inngangur

Helstu verkefni stjórnar voru á árinu vegna aðstöðu og félagsstöðvarinnar, amatörnámskeiða, hefðbundinna keppna og atburða tengdum félaginu. Leikar og Vitahelgi og samskipti innan alþjóðasamfélags radióamatöra. Stjórnarmenn voru mismunandi virkir hver í sínum þætti, þeir TF3EK og TF3EO í SOTA, TF8KY í VHF leikunum, TF3EK í útileikunum, TF3DC sá um að halda stöð félagsins í loftinu og Matti sá um QSL stofu.

## 2. Stjórn

Stjórnarmenn í stjórn ÍRA eru eftirfarandi:

Formaður: Jón Þ. Jónsson, TF3JA.

Varaformaður: Óskar Sverrisson, TF3DC.

Ritari: Ölvir S. Sveinsson, TF3WZ.

Gjaldkeri: Einar Kjartansson, TF3EK.

Meðstjórnandi: Jóhannes Hermannsson, TF3NE.

Varamaður: Hrafnkell Sigurðsson, TF8KY.

Varamaður: Egill Ibsen, TF3EO.

Stjórn ÍRA hefur haldið stjórnarfundum reglulega.

## 3. Félagsaðstaðan

Okkur í stjórn ÍRA langaði til að gera mikið fyrir félagið og voru á síðasta aðalfundi ræddir ýmsir möguleikar. Því miður vitum við ekki enn hvað Reykjavíkurborg ætlar að gera með núverandi húsnæði. Á fundi með embættismönnum Reykjavíkurborgar kom fram að núverandi húsnæði ætti að rífa á næstu 1-2 árum. Þessar upplýsingar urðu til þess að vindur fór úr mönnum sem höfðu áhuga á að vinna við aðstöðu félagsins.

Nú er staðan sú að allt er í lausu lofti. Kosningar handan við hornið og allt opið. Við sjáum ekki fyrir okkur að við munum fara héðan á næstunni og virðist sú framsetning sem kom fram hér á undan, um að þetta hús yrði rífið, ekki standast skoðun. Nú hefur liðið í rúmt hálf ár fyrirspurn um hvað muni í raun gerast hér á þessu svæði frá okkur til Reykjavíkurborgar.

Nú nýlega keypti félagið nýja stöð, Icom IC-7610. Er þessi stöð stór og mikil uppfærsla fyrir búnað félagsins. Þó spurning um húsnæði sé í lausu lofti var ákveðið að fara að horfa til uppfærslu á loftnetsbúnaði. Og þá búnað il að auðvelda þátttöku í keppnum. Benni, TF3T, hefur komið með góðar tillögur um hvernig uppfæra megi búnað í sjakknum, þá sérstaklega með það að leiðarljósi að auðvelda keppnir og einnig varðandi almennt öryggi og til einföldunar á notkun á þeim búnaði sem þarna er til staðar. Yngvi, TF3Y, kom og hélt erindi hjá okkur um uppbyggingu tveggja sæta keppnisstöðvar og er áhugi á að fá tilboð í búnaðinn og leggja síðan tillögu fyrir félagsfund um kaup ásamt því að fjalla um stefnumótun félagsins fyrir félagsstöðina.

#### 4. Fyrirlestrar

Mörg fræðsluerindi hafa verið haldin undanfarið ár, kynningar á búnaði. Allt frá talstöðvum yfir í gervihnetti. Sjá nánar heimasíðu ÍRA.

#### 5. Námskeið

Tvö námskeið voru haldin á árinu með góðum árangri. Og má segja að gríðarlegur árangur hafi náðst í fjölgun amatöra á Íslandi. Aldrei hafa fleiri amatörar verið teknir inn í hreyfinguna eins og á síðustu tveimur árum. Þetta er fjölgun sem nemur rúmlega 28 á ári. Ef síðustu 70 ár eru tekin til viðmiðunar er meðaltalið rúmlega 6 á ári.

Gríðarleg vinna var lögð í að keyra námskeiðin áfram. Dæmabók var tekin saman og æfingakennsla var hert. Kennarar buðu nemendum heim til sín í aukatíma sem og sóttir voru aukatímar um kvöld og helgar umfram almenna kennslu. Þetta starf skilaði sér í aukinni þekkingu nemana.

Nefna má að morsnámskeið er núna í gangi og hefur fengið góðar viðtökur. Mikið óeigingjarnt starf kennara hefur verið lagt af hendi og vill stjórn ÍRA koma á framfæri sérstöku þakklæti til allra sem lagt hafa hönd á plóg.

##### 5.1 Aðstoð við námskeið

Stjórn hefur beitt sér fyrir því að þeir sem eiga erfitt með próftöku með almennum hætti fái tækifæri til munnlegs og/eða jafnvel verklegs prófs. Miill árangur hefur náðst í þessu starfi og hefur viðhorf breyst hvað þetta varðar og eru menn nú almennt tilbúnir að taka aðstæður próftaka til geina þegar kemur að próftöku. Það má taka fram að mikil umræða átti sér stað um amatörheiminn um þetta málefni. Ekki er hægt að segja að sérstök niðurstaða hafi náðst en mönnum er fyllilega ljóst að í nútíma samfélagi þarf að taka tillit á víðari grundvelli hvað þessi mál varðar heldur en hefðir fyrri ára hafa takmarkað.

#### 6. Útgáfumál

Gerðar hafa verið nokkrar tilraunir til að fá ritstjóra fyrir CQ TF tímarit en gengið illa. Á meðan ekki er gefið út blað hefur vefur ÍRA, [www.ira.is](http://www.ira.is) gengt hlutverki CQ TF. Ný heimasíða félagsins fór í loftið ekki fyrir löngu og hefur hún mikið verið uppfærð af efni síðustu misseri. Þar má meðal annars finna fræðigreinar, myndir, fréttir og fleira tengt radióaamatörstarfinu.

ÍRA og Sensa gerðu með sér samning um hýsingu á heimasíðu félagsins. Sensa hf., er mjög virt fyrirtæki í tæknigeiranum og er í eigu Símans. Hjá Sensa vinna um 140 manns. Sensa hýsir síðuna ókeypis fyrir ÍRA og veitir einnig grunnaðstoð endurgjaldslaus. Síðan er afrituð og hýst í öruggu umhverfi.

TF3WZ tók að sér það stóra verkefni að flytja efni frá gömlu síðunni yfir á þá nýju. Er því verki svo til lokið, en samkvæmt TF3WZ leynast víst einhverjar slæður hér og þar.

Stjórn ÍRA vill koma á framfæri þakklæti til allra sem komu að rekstri og umsjón gömlu síðu ÍRA sem og til þeirra sem hjálpað hafa við þessa nýju síðu.

## **7. Keppnir**

VHF leikar og útileikar voru haldnir núna á árinu við góðar undirtektir og tók mikill fjöldi þátt.

TF8KY tók að sér að skrifa litla heimasíðu til að auðvelda keppendum að skrá niður sambönd í VHF leikunum. Má með sanni segja að þetta hafi komið vel út. Menn fylgdust með gangi mála í rauntíma og jók þetta keppnisandann heldur betur.

TF3EK bætti svo við og uppfærði gamla útgáfu af skráningarkerfi fyrir útileikana sem einnig nýttist gríðarlega vel. TF8KY og TF3EK eyddu miklum tíma í þessa hugbúnaðargerð og er stjórn ÍRA þeim gríðarlega þakklát fyrir óeigingjarnt starf og vonum við að svona framtök eigi eftir að verða fleiri.

## **8. IARU – NRAU Aþjóðasamstarf**

Formaður sótti þrjá atburði á árinu erlendis að mestu á eigin kostnað. „TtT Train the trainers“ í janúar 2018 í London, NRAU fund í Óðinsvéum í ágústmánuði og IARU ráðstefnu í september í Þýskalandi. Staðið hefur til að halda sérstakan kynningarfund um þessar ráðstefnur og verður fundurinn boðaður fljótlega og er stefnt að seinni hluta maímánaðar.

## **9. Póst- og fjarskiptastofnun**

Að venju hefur ÍRA átt í góðu samstarfi við PFS.

Nú á árinu var mjög tímabær reglugerðarbreyting gerð. Þessi breyting var sett af stað á síðasta aðalfundi og hefur stjórn ÍRA unnið í þessu síðan. PFS tók vel í þessa breytingu og undirstrikaði að hún væri eðlileg og tímabær miðað við hvað er að gerast í nágrennalöndum okkar.